



Til: umhverfis- og skipulagsrás

Númer máls: 2023-01-413

Dagsetning: 26. janúar 2023

## Svar við fyrirspurn um auðar íbúðir

Þann 12. janúar sl. barst Félagsbústöðum erindi frá umhverfis- og skipulagssviði vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda íbúða sem standa auðar hjá Félagsbústöðum vegna standsetninga eða af öðrum ástæðum.

### Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Eins og flestir vita þá er húsnæðismarkaðurinn gríðarlega erfiður og því mikilvægt að nýta íbúðir Félagsbústaða sem best. Í þeirri erfiðu tíð sem nú ríkir á húsnæðismarkaði er viðkvæmasti hópurinn, innflytjendur, öryrkjar, eldri borgarar og einstæðar mæður í erfiðustu stöðunni og neyðast oft á tíðum til að leita sér skjóls í húsnæði sem jafnvel telst ekki vera mannbústaðir. Ítrekað hefur verið bent á að íbúðir Félagsbústaða standi auðar og sumar svo mánuðum skiptir. Fulltrúi Flokks fólksins spurði árið 2018 hversu margar íbúðir væru auðar hjá Félagsbústöðum og þá voru 90 íbúðir auðar vegna standsetningar. Flokkur fólksins spyr hvað margar íbúðir séu auðar núna hjá Félagsbústöðum vegna standsetningar eða vegna annarra ástæðna?“

### Svar við fyrirspurninni:

Þann 26. janúar 2023 eru 65 íbúðir/leigugæningar skráðar í standsetningu/viðhald. Staða þessara 65 íbúða er eftirfarandi:

- A. 6 íbúðum hefur verið úthlutað og eru í sýningarferli.
- B. 10 íbúðir fara fyrir úthlutunarfund fyrir lok þessa mánaðar.
- C. 5 íbúðum hefur verið úthlutað til fatlaðs fólks en leigusamningar óundirritaðir.
- D. 44 íbúðir eru í standsetningu og eru ekki komnar til úthlutunar. Ástand þeirra er skráð með eftirfarandi hætti:
  - 6 Grænar (Smávægilegar viðgerðir, málun og þrif)
  - 19 Gular (Útskipti á hluta af búnaði íbúðar, málun og þrif)
  - 19 Rauðar (Heildarendurnýjun á íbúð)

Markmið Félagsbústaða er að grænmerktar íbúðir séu ekki lengur en 3 vikur í standsetningu, gulmerktar 5 vikur og rauðmerktar 8 vikur. Það getur reynst snúið að ná markmiðunum fyrir rauðmerktu íbúðirnar bæði vegna þess tíma sem tekur að fá nauðsynleg aðföng og ef vandamál eru sem stafa af vatnsleka innan íbúðar eða utan frá.



Þá er í gangi vinna við miklar breytingar á tveimur fasteignum í eigu félagsins sem í eru alls 17 íbúðir. Önnur eignin verður tilbúin til notkunar innan tveggja mánaða en hin síðar á þessu ári.

Með góðum kveðjum,

Sigrún Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri